Nd. **320. Breytingartillögur**

við frv. til laga um samskóla Reykjavíkur

Frá minni hluta mentamálanefndar.

1. Á undan 1. gr. komi fyrirsögn, svo hljóðandi:

I. Samskólar Reykjavíkur.

2. Aftan við fumvarpið bætist:

II. Ungmennaskólar utan Reykjavíkur.

a. 16. gr.

Ungmennaskólar utan Reykjavíkur, sem um ræðir í lögum þessum, eru:

1. Flensborgarskóli í Hafnarfirði.
2. Hvítárbakkaskóli í Borgarfirði.
3. Núpsskóli í Dýrafirði.
4. Ungmennaskóli á Ísafirði.
5. Laugaskóli i Þingeyjarsýslu.
6. Ungmennaskóli á Suðurlandi, austan fjalls.

b. 17. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^{2}/_{5}$ af nauðsynlegum byggingar- og stofnkostnaði allra þeirra skóla, er um ræðir í 16. gr., gegn $^{3}/_{5}$ annarsstaðar frá.

c. 18. gr.

Kenslumálaráðuneytið skipar skólastjóra og kennara við ungmennaskólana, að fengnum tillögum þeirra aðilja, er lögðu fram stofnkostnaðinn.

d. 19. gr.

Fastir kennarar, auk skólastjóranna, við ungmennaskólana skulu vera svo margir, sem þörf er á eftir aðsókn, þannig, að miðað sje við 25 nemendur í bekk.

e. 20. gr.

Skólastjórar ungmennaskóla hafa að byrjunarlaunum 2500 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3500 kr. Auk þess hafa þeir ókeypis húsnæði, ljós og hita.

Fastir kennarar hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, en launin hækka á þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Laun þessi og kostnaður af stundakenslu greiðist úr ríkissjóði, en hann á endurgjaldskröfu á $^{1}/_{4}$ hluta kenslukostnaðarins hjá þeim hjeruðum, sem komið hafa skólunum á fót eða tekið að sjer hlutdeild í rekstri þeirra.

f. 21. gr.

Restrarkostnaður skólanna greiðist að öðru leyti af skólagjöldum nemenda eða með tillögum frá hlutaðeigandi hjeruðum, er ákveða hæð skólagjaldsins í samráði við kenslumálaráðuneytið.

g. 22. gr.

Námsgreinar í skólunum skulu vera hinar sömu og í ungmennaskóla Reykjavíkur, með þeim breytingum, eftir staðháttum, sem gerðar kunna að verða í reglugerð hvers skóla, er staðfest skal vera af kenslumálaráðuneytinu.

h. 23. gr.

Ákvæði þessara laga um framlög ríkissjóðs til stofnkostnaðar og kenslu við ungmennaskóla þessa skulu koma til framkvæmda þegar í stað við þá af þessum skólum, sem nú eru starfandi, en um hina jafnskjótt og þeir verða stofnaðir.

3. *III. Samvinnuskólinn.*

a. 24. gr.

Ríkissjóður leggur þegar í stað fram til samvinnuskólans til stofnkostnaðar $^{2}/_{5}$ af þeirri fjárhæð, sem húsameistari ríkisins áætlar handa verslunarskólanum (sbr. 14. gr.), gegn því að Sambandið leggi fram $^{3}/_{5}$ af stofnkostnaðinum.

b. 25. gr.

Við samvinnuskólann skulu vera, auk skólastjóra, tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu vera hin sömu og skólastjóra og kennara verslunarskólans (sbr. 10. gr.) og greiðast að öllu úr ríkissjóði.

c. 26. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir samvinnuskólann, eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um ungmennaskóla og sjerskóla.